



KENNARASAMBAND Íslands
Laufásvegi 81 • IS-101 Reykjavík • Sími 595 1111 • Fax 595 1112
ki@ki.is • www.ki.is

Reykjavík 18. október 2019

Allsherjar- og menntamálanefnd Alþingis

150 REYKJAVÍK

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingar á lögum um grunnskóla nr. 91/2008, 16. Mál

Vísað er til beiðni Allsherjar- og menntamálanefndar Alþingis um umsögn vegna frumvarps um breytingar á lögum um grunnskóla nr. 91/2008.

Kennarasamband Ísland vekur athygli á því að grunnskólanám er á ábyrgð hins opinbera og að opinberir fjármunir til menntunar eiga að koma nemendum til góða. Einkavæðing, markaðsvæðing í menntakerfinu og samkeppni í velferðarþjónustu veikir jöfnuð í menntun, jafnræði til náms og minnkar opinber áhrif á menntakerfið í gegnum lýðræðislega kjörnar stofnanir. Þegar vald er flutt frá lýðræðislega kjörnum stofnunum til einkaaðila dregur úr möguleikum Alþingis, ríkis og sveitarfélaga til að hafa áhrif á menntun og skólastarf í samfélaginu. Að auki sýnir reynslan að þegar búið er að einkavæða skóla er mjög erfitt að snúa því við.

Reynslan af einkavæðingu í menntakerfinu á hinum Norðurlöndunum, meðal annars í Noregi og Svíþjóð, sýnir að hún leiðir til þess að vald er flutt í hendur einkaaðila á kostnað lýðræðislegra kjörinna stofnana, kennara, skólastjórnenda og annarra fagstétta. Einkavæðingin hefur leitt til vaxandi ójöfnuðar milli skóla og í menntakerfinu. Einkaaðilar sem reka skóla hafa vaxandi ítök í faglegu starfi skólanna sem veikir lýðræðisleg áhrif á menntun og hlutverk kennarastéttarinnar. Reynslan sýnir líka að einkaaðilar sem reka mennta- og velferðarþjónustu skipta oft um atvinnurekendafélög og kjarasamningssvið til að losna við að fara eftir þeim launa- og starfskjörum sem gilda um samsvarandi fyrirtæki á opinberum markaði. Lakari kjarasamningar á almennum markaði grafa undan kjarasamningum á opinberum markaði.

Íslenskt samfélag stendur frammi fyrir vaxandi aðgreiningu félagslegra hópa. Aukin áhersla á, og stuðningur við, einkarekstur skóla er skref í ranga átt við þær aðstæður. Lykilatriðið er að almenna skólakerfið einkennist af jöfnuði og því markmiði að besti skólinn hverju sinni sé sá skóli sem næst er heimili þínu. Fjölmargir erlendir ráðgjafar, þar á meðal á vegum OECD, hafa bent á að þrátt fyrir ýmsar áskoranir í íslensku menntakerfi sé jöfnuður einn meginstyrkleiki þess. Þær framfarir sem þurfa að eiga sér stað í íslensku menntakerfi munu ekki eiga sér stað sé grafið undan styrkleikum kerfisins.

Að miða framlög til einkarekna skóla við meðaltalsframlög skapar sterkan efnahagslegan hvata til að safna saman í einkarekna skóla tiltölulega einsleitum hópum nemenda með litlar þjónustufarir. Reynslan af slíkum hvötum í Svíþjóð er afar slæm, svo ekki sé tekið dýpra í árinna. Líkleg áhrif vaxandi einkareksturs eru líkleg til að vera í hrópandi mótsögn við grundvallarmenntastefnu landsins, skóla án aðgreiningar. Slík áform stangast algerlega á við samþykktir þings KÍ vorið 2018 sem samþykkti skólastefnu sína undir yfirskriftinni um að menntun væri mannréttindi.

Virðingarfyllt,

Ragnar Þór Pétursson formaður